



# Reglur um úthlutun menningarstyrkja Skútustaðahrepps

## 1. gr.

### Hlutverk

Velferðar- og menningarmálanefnd Skútustaðahrepps auglýsir tvisvar á ári styrki til menningarstarfsstarfs og úthlutar þeim samkvæmt reglum þessum og með hliðsjón af menningarstefnu sveitarfélagsins. Framlag til úthlutunar er ákveðið við gerð fjárhagsáætlunar Skútustaðahrepps ár hvert.

## 2. gr.

### Styrkúthlutanir

Skútustaðahreppur veitir styrki til einstaklinga, hópa, félagssamtaka, fyrirtækja og stofnana til almennrar menningarstarfsemi eða verkefni. Velferðar- og menningarmálanefnd getur ákveðið sérstakar áherslur við styrkúthlutun hverju sinni og verða þær þá að koma fram í auglýsingu. Ekki er styrkt til náms eða rekstrar.

Styrkir eru einungis greiddir út á því ári sem þeir eru veittir og færast ekki á milli ára nema sérstaklega sé um það samið.

## 3. gr.

### Verkefnastykir

Sótt skal um verkefnastyki á þar til gerðu eyðublaði þar sem eftirfarandi kemur fram:

- gildi verkefnisins fyrir menningarlífið
- áætlun um framkvæmd þar með skil lokaskýrslu
- fjárhagsáætlun
- aðrar fjármögnunarleiðir
- upphæð sem sótt er um

Verkefnastykir skulu ár hvert auglýstir til umsóknar að vori (fyrir 15. mars) og hausti (fyrir 1. nóvember) með fjögurra vikna umsóknarfresti. Afgreiðsla Skútustaðahrepps skal liggja fyrir fyrir eigi síðar en 6 vikum eftir að umsóknarfresti lýkur.

Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um niðurstöðu nefndar og hvenær úthlutun fer fram sé styrkur veittur. Styrkhöfum ber að skila stuttri greinargerð um ráðstöfun styrkfjár eigi síðar en ári eftir úthlutun.

## 4. gr.

### Mat á umsóknum

Við mat á umsóknum skal menningarstefna Skútustaðahrepps höfð til hliðsjónar. Auk þess er horft til eftirfarandi þátta:

- Hvernig verkefnið / starfsemin auðgar menningarlífið í Skútustaðahreppi og hvernig fjármunirnir nýtist í því samhengi.



- Hversu líklegt er að verkið verði framkvæmt, laði að frekara fjármagn og aðstandendur verkefnisins geti hrint því í framkvæmd.
- Gæða, vinnsla og framsetningar umsóknar, sýn umsækjenda og fagleg vinnubrögð.
- Úthlutanir endurspegli breidd, nýmæli og framsækni og að endurnýjun eigi sér stað í hópi styrkþega.

Velferðar- og menningarmálanefnd áskilur sér rétt til að hafna umsóknum.

Umsækjandi ábyrgist að fullnægjandi leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnis og notkun heimilda ef þarf, sem og öðrum þáttum verkefnisins.

Nefndin áskilur sér rétt til að krefjast endurgreiðslu styrkja og rifta samningum komi ekki til verkefna sem sótt er til eða um forsendubrest er að ræða.

#### **5. gr.**

#### **Umsækjendur**

Umsækjendur um styrk verða að tengjast Skútustaðahreppi með búsetu, eða með því að verkefnið fari fram í Mývatnssveit eða feli í sér kynningu á menningarstarfsemi í Mývatnssveit.

Samkvæmt 21. grein stjórnarsýslulaga þarf ekki að rökstyðja ákvörðun um úthlutun styrkja á sviði lista og menningar.

Við auglýsingu á viðburði skal styrkþegi láta styrkveitingu Skútustaðahrepps koma fram.

---

*Samþykkt í sveitarstjórn Skútustaðahrepps 24.10.2018*